



**Markaðsstofa Suðurlands**

## Fundargerð

1. Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í Fjölheimum mánudaginn 2. maí 2016. Fundur var settur kl 10:15

Fundinn sátu:

*Dagný Hulda Jóhannsdóttir, framkvæmdarstjóri Markaðsstofu Suðurlands*

*Ása Valdís Árnadóttir, formaður, fulltrúi Visit South Iceland ehf*

*Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS*

*Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu*

*Magnús Bragason, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands*

*Valgerður Pálsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

*Gunnar og Sigurður boðuðu forföll og kom Bjarni varamaður Gunnars inn sem fulltrúi SASS en varamaður Sigurðar komst ekki.*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Valgerður Pálsdóttir.

### Dagskrá:

Ný stjórn skiptir með sér verkum og tillögur bornar fram. Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

- Ása Valdís Árnadóttir verður áfram formaður stjórnar.
- Gunnar Þorgeirsson verður áfram varaformaður.
- Ragnhildur Sveinbjarnardóttir verður ritari stjórnarfunda.
- Dagný H. Jóhannsdóttir mun áfram vera gjaldkeri og boða stjórn til stjórnarfunda.
- Fundartímar stjórnar verða fyrsti mánudagur í mánuði kl 10. Alls verða þrjú snertifundir, maí, september og janúar, aðrir fundir verða símafundir.
- Lagt til að leggja formlega eigi niður framvinduskýrslu MSS þar sem yfirferð og undirbúningur hennar er ansi tímafekur. Þá er lagt til að í stað þeirra séu fundargerðir látnar nægja þar sem farið er ítarlega yfir bæði verkefni liðins tímabils sem og verkefni framundan. Þá er lagt til að fundargerðirnar verði framvegis sendar til sveitastjóra á Suðurlandi.

### Gerjun/breytingar í stoðkerfinu á Suðurlandi

Ýmsar breytingar eru í stoðkerfi ferðamála á Suðurlandi sem og á landinu öllu. Má þar helst nefna að Ferðamálasamtök Íslands hafa verið lögð niður. Svo virðist sem að það sama sé uppi á teningnum annars staðar á landinu og eru mörg slík félög einfaldlega í dvala. Hugsanlega er fjármunum þessarar samtaka betur varið hjá Markaðsstofunni eins og fordæmi eru fyrir, þá líklega eyrnamerkt grasrótarstarfi hvers konar í formi úthlutunar.

Hugmyndin um að leggja niður Ferðamálasamtök Suðurlands og ráða inn stjórnarmeðlim fyrir hönd Ferðamálasamtakanna og/eða hugsanlega einn fulltrúi frá hverju svæði í stjórn, er rædd og er ákveðið að formaður stjórnar ásamt fulltrúa Ferðamálasamtaka Suðurlands leiti lausna.

#### SASS og aðild sveitarfélaga að MSS

Sú hugmynd er rædd að SASS muni fyrir hönd allra sveitarfélaga á Suðurlandi gera samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands. Núverandi fyrirkomulag, þar sem MSS gerir samstarfssamning við hvert og eitt sveitarfélag óhagkvæmt og tímafrekt.

Ræddar eru þær hugmyndir um að SASS og MSS leiti leiða til að samnýta þekkingu og sérhæfingu varðandi tiltekin verkefni. Ákveðið er að framkvæmdastjórar þessara eininga fundi varðandi þessi mál.

#### Verkefni sl. mán og verkefni framundan

##### HELSTU VERKEFNI SL. MÁN

- Ársfundur SAF / Ársfundur Íslandsstofu
- Pallborð hjá Íslandsbanka
- SASS verkefni; undirbúningur, uppbyggingarsjóður og ráðgjöf
- Markaðsgreining
- Undirbúningur við tilboð í undirsíður sveitarfélagana – MAS, Stefna, tilboð sent til sveitarfélaga
- Ársreikningur, fundur skoðunarmanna ársreiknings
- Aðalfundur MSS
- Námskeið, ráðstefnur – t.d. Big world small data (destination marketing)
- PR – fjölmargar fjölmiðlafyrirspurnir
- MAS fundir; heimasíður, stefnumótun, fjárhagur til ráðherra í undirbúningi, ráðstefna í haust, kannanir
- Ferðamálastofa – verkefni um fyrirkomulag upplýsingaveitu
- Plana kynningarferðir
- Fundaröð með Íslandsstofu og Manhattan
- Fundur/kynning með ferðaþjónustunni í Árborg
- Málþing um tækifæri í Söguferðaþjónustu

##### VERKEFNI FRAMUNDAN

- Vest Norden – athuga með 4 faldan bás
- Markaðsgreining – loka fyrir sumarfrí
- Kynningarferðir – 17. maí VE fyrir ferðaskrifstofur og upplýsingamiðstöðvar í byrjun júní. Hitta FAM hóp á vegum Icelandair.
- Heimasíður sveitarfélaganna
- Klára vinnu við MAS stefnumótun, fjárhag (erindi til ráðherra), ráðstefnu
- Iceland Academy – Instagram takeover, blaðamannaferðir og fleira
- MSS bæklingur sendur út
- Samstarf við Iceland tourism – leggja fyrir
- Endurútgáfa landshlutakorts – kostnaður vs auglýsingar
- Innheimta aðildargjalda
- Landshlutabæklingur – undirbúningur fyrir útgáfu
- Undirbúningur kynningar/innleiðingar/námskeiða vegna markaðsgreiningar
- Safe Travel námskeið

Önnur mál

Starfsmannamál MSS

Starfsmannamál MSS eru rædd og er ritara fundargerðar gert að víkja af fundi.

Vegna aukinna og fjölbreyttari verkefna innan MSS er samþykkt að breyta tímabundinni ráðningu verkefnastjóra í fastráðningu ásamt því að auka starfshlutfall úr 75% í 100%. Framkvæmdastjóra því falið að auglýsa eftir verkefnastjóra sem mun að hluta til sinna nýjum verkefnum s.s. ráðgjöf ásamt því að óskað verður eftir sérhæfðri menntun og mikilli reynslu þar sem viðkomandi á að geta unnið sem staðgengill framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri mun vinna þetta í samráði við formann stjórnar. Reiknað er með að ganga frá fastráðningu fyrir haustið.

Fundi slitið kl 12:10